


# SKÓLASTEYFNA

---



SÁTTMÁLI SAMFÉLAGSINS UM ÞRÓUN SKÓLASTARFSINS

# 2023 – 2028



**Skólafélag  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
2023 - 2028**

Samþykkt af sveitarstjórn 18. október 2023

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Ljósmyndir: Ivar Sæland  
Prófarkalestur: Kjartan Ágústsson  
Umbrot & hönnun: Anna Greta Ólafsdóttir

©Skeiða- og Gnúpverjahreppur, apríl 2024

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja skólum sínum almenna stefnu um starfið. Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að sveitarfélög móti skólafélag sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og þeim áherslum sem þau vilja hafa að leiðarljósi.

Víðtækt samráð hefur verið um mótun stefnunnar. Í stýrihópi um verkefnið sátu fulltrúar skólanefndar og skólanna. Fundir hafa verið haldnir með elstu leikskólabörnunum, öllum grunnskólanemendum, starfsfólki skólanna, auk íbúafundar (skólaþings). Á fundunum var leitast við að leggja mat á skólafélagið, ræða sterkar hliðar þess og hvað brýnast sé að bæta, afmarka sóknarfæri og leggja drög að þeim áherslum sem æskilegt er að horfa til í ljósi framtíðar. Sú skólafélag, sem hér er sett fram, byggir á þeim viðhorfum sem fram komu á fundunum og mest samstaða sýndist um. Litið er svo á að skólafélagið sé sáttmáli samfélagsins um þróun skólafélagsins á næstu árum.

Við gerð skólafélagunnar var einnig litið til opinberrar stefnumörkunar í skóla- og menntamálum, m.a. aðalnámskrár, Barnasáttmála og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlaganna) og þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 og þess gætt að samræmi væri á milli.



# FRAMÚRSKARANDI SKÓLASTARF

Meginmarkmið þessarar skólastefnu er að í sveitarfélaginu sé framúrskarandi skólastarf. Skólarnir verði í fremstu röð um framsækið starf, lifandi og sveigjanlegt námsumhverfi. Stefnt er að því á næstu árum að leggja enn meiri áherslu á samstarf, skapandi starf, nýsköpun, fjölbreytta kennsluhætti og umhverfis- og sjálfbærnimennt í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Litið er svo á að skólastarf sé alltaf hægt að bæta og að gæðaskólastarf byggist öðru fremur á því að stöðugt sé leitað leiða til að gera það enn betra.

Í samvinnu við stjórnendur, starfsfólk, nemendur og foreldra er stefnt að því að búa skólunum fyrirmyndar aðstöðu og umhverfi. Hafinn verði undirbúningur að því að Þjórsárskóli verði í framtíðinni heildstæður grunnskóli og að styrkja enn frekar núverandi stöðu Leikhólts. Endurhanna þarf Þjórsárskóla með hliðsjón af nýjum áherslum og huga að möguleikum á að reisa íþróttahús við skólann.

# VÖRÐURNAR 7

Skólastefnan byggist á skilgreindum vörðum.  
Með orðinu varða er verið að vísa í landfræðilega og menningarlega tengingu í samfélagi okkar.  
Í arfleið sveitarfélagsins spilar náttúran stóran sess og til að komast leiðar sinnar á áfangastað eru vörður mikilvægar.



## NÁM, KENNSLUHÆTTIR & SKÓLASTARF

Einstaklingsmiðað nám  
Skapandi, verklegir og lýðræðislegir kennsluhættir  
Tæknimennt  
Upplýsinga- og miðlalæsi  
Nýsköpun  
Umhverfismennt og útikennsla



## SAMSKIPTI & SKÓLABRAGUR

Menntun án aðgreiningar  
Farsæld  
Snemmtækur stuðningur  
Vellíðan  
Heilsuefling  
Jafnrétti  
Vinátta  
Lausnamiðun



## HEIMILI & SKÓLI

Gagnkvæm virðing  
Traust  
Stuðningur



## SKÓLINN & NÆRSAMFÉLAGIÐ

Virk tengsl  
Jákvæð samskipti  
Stuðningur



## SAMVINNA SKÓLANNA

Samvinna  
Sameiginleg ábyrgð  
Samfella



## STARFS- & SKÓLADRÓUN

Metnaður  
Fagmennska  
Símenntun  
Framsækni  
Umbótastarf  
Skólinn sem lifandi lærdómssamfélag



## HÚSNÆÐI, AÐSTAÐA & BÚNAÐUR

Fyrirmyndaraðstaða inni og úti  
Gott aðgengi  
Hlýlegt og frjótt námsumhverfi

# Nám, kennsluhættir og skólastarf



Einstaklingsmiðað nám  
Skapandi, verklegir og lýðræðislegir kennsluhættir  
Tæknimennt  
Upplýsinga- og miðlalæsi  
Nýsköpun  
Umhverfismennt og útikennsla

Námið verði einstaklingsmiðaðra og ábyrgð nemenda á náminu aukin.

Upplýsinga- og miðlalæsi verði fléttað inn í sem flest viðfangsefni og eftir því sem hægt er samofin námi, leik og starfi.

Nemendur eigi kost á vali í leik og námi og fái tækifæri til að fást við verkefni á áhugasviðum sínum.

Nemendur fái mörg tækifæri til að fást við heildstæð hönnunar-, nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni í sem flestum námsgreinum og námssviðum.

Hlustað sé á raddir nemenda og áhersla á að efla hæfni þeirra til að taka þátt í lýðræðislegum samræðum og skoðanaskiptum.

Lögð verði áhersla á skapandi og verklega nálgun í öllum greinum.

Kostir aldursblöndunar nýttir, m.a. með því að nemendur fái á hverju skólaári tækifæri til að vinna að verkefnum þvert á árganga.

Sérstök rækt verði lögð við sjálfbærni og sjálfbærnimenntun, t.d. með Grænfánaverkefnum og verkefnum sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Áhersla á læsi og lesskilning.

Stórbrotin náttúra og arfleifð liðinna tíma verði ríkulega nýtt í námi og kennslu, inni sem úti og áhersla á að nemendur þekki umhverfi sitt, helstu kennileiti, náttúrufyrirbæri og sögustaði.



# Samskipti & skólabragur

Menntun án aðgreiningar  
Farsæld  
Snemmtækur stuðningur  
Vellíðan  
Heilsuefling  
Jafnrétti  
Vinátta  
Lausnamiðun

---

2023 - 2028



Árangursrík innleiðing farsældarlaganna með áherslu á snemmtækan stuðning til að koma til móts við þarfir einstaklinga.

Markvisst verði unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.

Skólarnir móti sér sameiginlega stefnu um stoðþjónustu og um móttöku, nám og kennslu nemenda af erlendum uppruna.

Vel sé fylgst með líðan nemenda og starfsfólks.

Öflugt forvarnarstarf sem styður við vellíðan og heilsu nemenda og starfsfólks.

Tónlist, söng, hreyfingu og leik fléttað sem mest inn í daglegt skólastarf.

Áhersla á lausnamiðaða og faglega úrlausn mála.

Unnið verði að því að efla félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund nemenda.





# Heimili & skóli

Gagnkvæm virðing

Traust

Stuðningur

---

2023 - 2028



Þátttaka foreldra í að þróa og bæta skólastarfið.

Foreldrar eigi kost á fræðslu, námskeiðum og ráðgjöf um uppeldi og þroska barna.

Öflug og styðjandi foreldrafélög.

Fræðsla fyrir foreldra um mikilvægi þeirra í námi barna sinna, ekki síst varðandi viðhorf til náms, náms-hvatningu, lestur og lesskilning.

Góðar kynningar á skólastarfinu á heimasíðum skólanna og áhersla á að miðla til heimilanna upplýsingum um skólastarf, viðfangsefni og viðburði.

Foreldrar og forráðamenn yngstu barnanna hafi val um að hafa þau heima eða á leikskóla.

# Samvinna skólanna

Samvinna  
Sameiginleg ábyrgð  
Samfella



---

2023 - 2028



Markvisst verði unnið að því að auðvelda nemendum skil milli skólastiga og tryggja samfellu í náminu.



Áhersla á virkt samstarf og samráð skólanna um starfs- og skólaþróunarverkefni.



Starfsfólk skólanna hafi frumkvæði að því efla samvinnu við skóla í nágrennasveitarfélögum, sem og við skóla víðar að á landinu, til dæmis um sameiginleg skóla- og starfsþróunarverkefni, félags- og íþróttastarf og þátttöku í sameiginlegum viðburðum.



# 5

# Skólinn & nærsamfélagið

Virk tengsl

Jákvæð samskipti

Stuðningur





Fjölga námstækifærum í nærsamfélaginu (t.d. með samfélagsþjónustu-verkefnum).



Að efla og leita samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki, nefndir á vegum sveitarfélagsins og aðra starfsemi í samfélaginu.



Að auka þátttöku íbúa samfélagsins í viðburðum og verkefnum á vegum skólanna.



Áhersla verði á samstarf við sérfræðinga, áhugafólk og starfandi listamenn.



Verk nemenda séu sýnileg; í skólunum, á heimasíðum skólanna og í samfélaginu.

# Starfs- & skólaþróun

Metnaður

Fagmennska

Símenntun

Framsækni

Umbótastarf

Skólinn sem lifandi lærdómssamfélag



---

2023 - 2028





Efla og hlúa að mannauði skólasamfélagsins.

Að efla og tryggja fagmenntun og fagmennsku í skólastarfinu.

Starfsfólk skólanna fái ríkuleg tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, meðal annars með hliðsjón af áhersluþáttum skólastefnunnar.



Að vel sé stutt við þróunarstarf í skólunum.



Innra mat skólanna og umbótaáætlanir byggja á traustum aðferðum og gögnum.

Sveitarfélagið stofni sjóð til að styrkja skólaþróunar- og umbótaverkefni í skólunum.

Skólaþjónusta sé í samræmi við þarfir skólanna.

# Húsnæði, aðstaða & búnaður

Fyrirmyndaraðstaða inni og úti  
Gott aðgengi  
Hlýlegt og frjótt námsumhverfi





Samráð við  
nemendur, foreldra  
og starfsfólk um  
endurhönnun  
Þjósárskóla.

Aðstaða til  
íþróttaiðkunar  
verði til  
fyrirmyndar.

Tæknibúnaður  
skólanna styðji  
við vel framsækið  
skólastarf.

Að nemendur og  
kennarar hafi gott  
aðgengi að rafrænu  
kennsluumhverfi  
og notist við  
fjölbreytt  
viðfangsefni.

Komið verði á fót  
nýsköpunaraðstöðu  
(snillismiðju) í  
Þjósárskóla.

Útiaðstaða og  
leiksvæði  
skólanna séu  
örugg, fjölbreytt  
og efli leikgleði og  
hreyfifærni barna.

---

## **Sveitarstjórn & skólanefnd**

Innleiðir stefnuna, fylgist með framkvæmd hennar, leggur til þann stuðning og bjargir til að hún nái fram að ganga, metur árangur og leiðir umræðu um hana og endurskoðun hennar.

## **Stjórnendur & starfsfólk skólanna**

Semja og hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun, endurskoða skólanámskrá og starfsáætlanir í samræmi við markmið og áherslur stefnunar.

## **Foreldrar & nemendur**

Nýta stefnuna sem upplýsingarit um markmið, leiðir og áherslur í skólastarfinu, styðja hana og leggja sitt af mörkum til að hún nái fram að ganga og hafa frumkvæði að því að bæta hana og þróa.

## **Íbúar & samfélagið**

Nýta stefnuna sem upplýsingarit um markmið, leiðir og áherslur í skólastarfinu, styðja hana og leggja sitt af mörkum til að hún nái fram að ganga.

# VIRK

---

Sú skólastefna sem hér er mörkuð er byggð á gögnum sem til urðu á samráðsfundum við undirbúning hennar; upplýsingum, hugmyndum og viðhorfum, auk opinberrar stefnumörkunar. Miklu skiptir að stefnunni sé fylgt eftir og hún notuð sem gátlisti til að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem ákveðið verður að ráðast í. Það er á ábyrgð skólanefndar, skólastjórnenda og starfsfólks skólanna að fylgja því eftir að stefnan sé lifandi og virk. Skólarnir munu laga skólanámskrár sínar að stefnunni og móta aðgerðaáætlanir sínar í samræmi við hana í tengslum við starfsáætlanir og niðurstöður ytra mats. Þá verði efnt til funda eða skólaþings annað hvert ár um framgang eða endurskoðun stefnunnar og skal skólanefnd sjá um undirbúning og framkvæmd.



---

# SKÓLASTEFNA



# SÁTTMÁLI SAMFELAGSINS UM ÞRÖUN SKÓLASTARFSINS

---

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

[www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)